



Háskólinn  
á Akureyri

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Meistaránám í viðskiptafræðum

# Handbók meistaránáms

Nám veturinn 2008-2009

## Ávarp

Markmið meistaranáms í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er að bjóða upp á áhugavert og krefjandi nám á sviði alþjóðafjármála og bankastarfsemi annars vegar og hins vegar stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi. Námið miðar að því að gera nemendur hæfari til þess að takast á við hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki og stofnanir starfa í.

Háskólanám skiptist í þrjú þrep; grunnnám, meistaranám og doktorsnám. Eftir því sem að nemendur færast á milli þrepa er meiri krafist af þeim með tilliti til sjálfstæðrar hugsunar, vinnuframlags og tíma. Þetta er nauðsynlegt til þess að nemandinn geti dýpkað þekkingu sína á viðskiptafræðum sem og til þess að nemandinn hljóti þjálfun til þess að verða leiðandi aðili í þeim verkefnum sem viðkomandi tekst á hendur í framtíðinni. Að hefja nám á meistarastigi er því ákvörðun sem nemendur verða að taka að vel athuguðu máli.

Nemendur verða að gera ráð fyrir því að næstu tvö árin muni líf þeirra stýrast af þeim verkefnum sem eru í gangi á hverjum tíma. Þó nemandinn sé einn ábyrgur fyrir sínu námi þá er nám hans í raun prófraun á það hvernig honum tekst að leysa af hendi flókið verkefni í samráði við fjölskyldu sína og aðra sem viðkomandi er ábyrgur gagnvart.

Kæri lesandi. Ég vil bjóða þig velkominn í krefjandi meistaranám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri.

Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor og deildarforseti.

## Um handbókina

Þessi handbók inniheldur ýmsan hagnýtan fróðleik um uppbyggingu og skipulag meistaranáms við viðskipta- og raungreinadeild HA. Sumar upplýsingar eru almenns eðlis, en aðrar eru nákvæmar og hagnýtar og lúta að skipulagi náms og námskeiðslýsingum. Vonandi reynist handbókin gagnleg við val á námi og við námsframvindu.

## Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur fyrir meistaranám skólaárið 2007/2008 er **15. apríl 2008**.

## Inntökuskilyrði

Námstitillinn er meistaraþráða í viðskiptafræðum (e. Master of Science in Business Administration) og er því MSc-nám í viðskiptafræðum. Námið er dýpkun á viðskiptafræðilegri þekkingu og því er gerð krafa um forkunnáttu í viðskiptafræðum. Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið BSc námi í viðskiptafræðum við viðurkennda háskóla að jafnaði með fyrstu einkunn. Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum inn í námið. Sjávarútvegsfræðingar sem hafa lokið fjögurra ára BSc námi geta einnig fengið inngöngu í námið. Þeir sem lokið hafa bakkalár gráðu í öðru námi við viðurkennda háskóla þurfa að hafa lokið 66 ECTS eininga kjarnanámskeiðum í viðskiptafræðum til að geta hafið meistaranám í viðskiptafræðum við deildina.

Gert er ráð fyrir því að allir nemendur í undirbúningsnámi hafi tileinkað sér námsefni sambærilegt því sem kennt er í námskeiðinu STÆ3103 Stærðfræði I. Þessu til viðbótar eru eftirtalin námskeið kjarnanámskeið:

### Haust

FHB2103 Fjárhagsbókhald  
REK2103 Rekstrarhagfræði  
FJÁ2103 Fjármál I  
STJ2103 Stjórnun I  
STE2103 Stefnumótun

### Vor

ÁRS2103 Ársreikningur  
ÞJÓ2103 Þjóðhagfræði  
TFR2103 Tölfræði I  
REK2103 Rekstrarstjórnun  
MAR2103 Markaðsfræði I

Til viðbótar þurfa nemendur að velja eitt af eftirtöldum námskeiðum:

STJ2203 Stjórnun II  
STJ2302 Stjórnun III  
GRI2113 Hagrannsóknir  
MAR2203 Markaðsfræði II  
AÞV2103 Alþjóðaviðskipti

### **Innritunargjald og annar kostnaður**

Innritunargjald fyrir skólaárið 2008/2009 er 45.000 kr. á ári. Nemendur bera allan beinan kostnað við námið, þ.m.t. heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, bókakostnað. o.s.frv.

### **Ferðakostnaður nemenda o.fl.**

Nemendur koma í fjórar (4) námslotur á hverju misseri. Nemendur bera allan kostnað (ferðir, gisting, fæði o.fl.) og bera ábyrgð á eigin ferðatilhögun.

# Skipulag og almenn lýsing meistaranáms

## Inngangur

Þessi hluti handbókarinnar fjallar um skipulag og almenna lýsingu á meistaranámi í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri. Meistaranámið er hannað með þarfir nemenda í huga sem starfa munu í alþjóðlegu rekstrarumhverfi, hvort heldur þeir muni starfa í stórum alþjóðlegum fjármálafyrirtækum eða smáum innlendum einkafyrirtækjum.

## Forsendur meistaranáms

Íslenskt atvinnulíf hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðari árum. Helsta breytingin, auk tækninýjunga, er vaxandi alþjóðavæðing viðskiptalífsins. Alþjóðaviðskipti hafa aukist, fjármálamarkaðir hafa opnast og íslensk fyrirtæki hafa sótt á erlenda markaði. Viðskiptalífið hefur gert kröfur til háskóla í landinu um að mæta slíkum breytingum með nýju námsframboði á framhaldsstigi. Meistaranám í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri kemur til móts við þessa nýju þörf með betra aðgengi að alþjóðlegu samkeppnisfæru námi. Stór hluti nemenda í viðskiptafræði við HA hefur stundað fjarnám. Fjarnámið hefur bætt aðgengi einstaklinga að námi sama hvar á landinu þeir búa og markmið okkar er að geta haldið áfram að útvíkka það námsframboð. Til að koma til móts við þarfir einstaklinga (og fyrirtækja) um land allt er hið nýja meistaranám skipulagt í lotum, þrjá daga í senn einu sinni í mánuði, samtals fjórar námslotur á hverju misseri. Nemendur munu því þurfa að sinna miklum lestri og verkefnavinnu á milli námslotna.

## Stefnumið meistaranáms

Í náminu öðlast nemendur viðtæka þekkingu á alþjóðaviðskiptum og rekstri fjármálafyrirtækja, sem og fyrirtækja í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi. Nemendur munu öðlast færni í greiningu viðfangsefna og stjórnunarfærni sem nýtast mun í krefjandi störfum á völdum sviðum atvinnulífs.

Námið flokkast sem meistaranám sem lýkur með meistaragráðu – MSc samkvæmt viðmiðum menntamálaráðuneytis um æðri menntun og prófgráður.

Viðskipta- og raunvísindadeild HA mun leitast við að uppfylla framangreind stefnumið með því að bjóða nemendum eftirtalin kjarnanámskeið:

- Rannsóknaraðferðir
- Alþjóðaviðskipti- og alþjóðastofnanir
- Þjóð- og rekstrarfræði
- Alþjóðleg stefnumótun

Ennfremur er boðið upp á eftirtalin námskeið á sviði fjármála og bankastofnana:

- Alþjóðafjármál og bankastofnanir
- Fjármál fyrirtækja

Þá er boðið upp á eftirtalin námskeið í stjórnun alþjóðlegra rekstrareininga:

- Alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun
- Forysta og árangur

Auk þess miða verkefni í námskeiðum og meistaraverkefnið sjálf að því að þjálfa nemendur í frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum þar sem reynir á rökhugsun og greiningarfærni. Þá miða kennsluáðferðir deildarinnar að því að nemendur öðlist færni í notkun upplýsingatækni og hugbúnaðar er nýtist í starfi.

## Námsmarkmið (Learning outcomes)

Að loknu meistaranámi í viðskiptafræði á nemandinn að:

1. Sýna fram á kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan stjórnunar og fjármála. Ennfremur að dýpka þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér í bakkalárnámi.
2. Geta beitt almennri þekkingu á rekstri og stjórnun við rekstraraðstæður í fyrirtækjum eða stofnunum.
3. Sýna fram á hæfni í þverfaglegri greiningu, þar sem stuðst er við gögn af ólíkum toga, mismunandi greiningaraðferðir og undirgreinar stjórnunarfræða og fjármála. Ennfremur að hann geti tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
4. Sýna fram á aðferðafræðilega getu til að rannsaka fyrirtæki og umhverfi þeirra, hvort heldur er verið að fjalla um stefnumótun, stjórnun, alþjóðaviðskipti eða fjármálastofnanir. Sýna fram á kunnáttu í úrvinnslu gagna, þekkingu á rannsóknarferli og geti valið þá rannsóknaraðferð sem hentar viðgangsefni hverju sinni.
5. Hafa öðlast færni til að eiga frumkvæði að rekstrar- og stjórnunarverkefnum, stýrt þeim verkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa. Sýna leikni í tjáskiptum bæði í rituðu og mæltu máli, og í að finna upplýsingar með því að nýta mismunandi leiðir, s.s. netið, gagnagrunna og bókasöfn. Sýna fram á skilning á viðskipta- og vísindasiðfræði. Geta nýtt sér hugbúnað sem gagnast best í stjórnun og fjármálum.
6. Hafa þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á doktorsstigi.

Eftirtalin námsmarkmið eru sértæk fyrir stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi:

1. Sýna fram á skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan stjórnunarfræða um forystu og árangursmælingar.
2. Hafa öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum í alþjóðlegri mannauðs- og þekkingarstjórnun.
3. Hafa öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum í stefnumótun fyrirtækja og geti tekið virkað þátt í stefnumótunarferli.

Eftirtalin námsmarkmið eru sértæk fyrir alþjóðafjármál og bankastarfsemi:

1. Hafa ítarlega þekkingu á alþjóðafjármálum og starfsemi alþjóðlegar fjármálastofnana, auk starfsemi seðlabanka.
2. Hafa trausta þekkingu á fræðilegum grundvelli alþjóðaviðskipta. Hafa ítarlega þekkingu á og geti metið viðskiptatækifæri í alþjóðaviðskiptum, sérstaklega á nýmörkuðum í Evrópu og Asíu. Hafa öðlast skilning á starfsemi alþjóðlegar viðskiptastofnana.
3. Hafa öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum fjármálafræðanna við fjármálalega stjórnun fyrirtækja og banka annars vegar og hins vegar til greiningar á fjárfestingartækifærum.

## **Náms- og kennsluaðferðir**

Meistaránemendur hafa ólíkan bakgrunn og miðla mismunandi reynslu. Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni/tilviksrannsókn (case studies).

Til þess er ætlast að nemendur stundi sjálfsnám og að fyrirlestrar kennara í kennslulotum séu upphaf að frekari lestri og greiningu á viðfangsefni meistaránámsins. Gengið er út frá því að nemendur lesi kennslubækur og greinar og öðlist þannig þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á viðkomandi fræðasviði.

Þungamiðja kennslunnar verður skipulögð í rafrænu vefumhverfi. Þar verður að finna námskeiðslýsingar, glærur, leslista, verkefnalýsingar, ítarefni og þar eiga samskipti nemenda við kennara og samnemendur, sér stað á milli kennslulota.

Meistaránemendum ber skylda til að mæta í kennslulotur. Það auðveldar mjög alla verkefnavinnu og er forsenda fyrir gagnrýnni umræðu og markvissri greiningu á viðfangsefnum, auk þess sem nemendur kynnast hver öðrum og kennurum sínum.

## **Námsmat**

Námsmat verður með ýmsu móti í náminu í samræmi við námsmarkmið og kennsluhætti. Þannig verður námsframvinda nemenda metin í einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í málstofum, greiningu tilvika (case study) og í skriflegum og munnlegum prófum.

## Námsskipulag

Meistaránám í viðskiptafræðum er 90 ECTS eininga nám.<sup>1</sup> Mögulegt er að ljúka 120 ECTS MSc nám með því að skrifa viðameira lokaverkefni, eða 60 ECTS eininga. Í boði verða tvö sérsvið: *Alþjóðafjármál og bankastarfsemi* og *Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi*. Tafla 1, hér að neðan, sýnir uppbyggingu námsins. Fjögur námskeið eru ætluð öllum nemendum og tvö námskeið eru sérkennd á hvoru sviði. Auk þess er lokaverkefni tengt sérsviði nemenda.

	<b>Alþjóðafjármál og bankastarfsemi</b>	<b>Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi</b>
1. önn 20 ECTS	Rannsóknaraðferðir (ECTS10) Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir (10 ECTS)	
2. önn 20 ECTS	Þjóð- og rekstrarhagfræði (10 ECTS) Alþjóðleg stefnumótun (10 ECTS)	
3. önn 20 ECTS	Alþjóðafjármál og bankastofnanir (10 ECTS) Fjármál fyrirtækja (10 ECTS)	Alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun (10 ECTS) Forysta og árangur (10 ECTS)
4. önn 30 – 60 ECTS	Lokaverkefni	Lokaverkefni

Tafla 1. Uppbygging náms í meistaranámi í viðskiptafræði við Viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri.

## Lokaverkefni

Nemendur geta tekið 30 ECTS eða 60 ECTS lokaverkefni. Megin munurinn á þessum tveimur tegundum lokaverkefna er umfang rannsóknarinnar. Þegar um stærra lokaverkefni er að ræða er gerð mun meiri krafa um öflun frumgagna með rannsókn jafnframt því sem gerðar verða ítarlegri kröfur um aðferðafræði við greiningu gagna.

## Lotukennsla

Kennt verður í námslotum. Að jafnaði verður kennt einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags, alls 24 kennslutíma í senn. Á hverju misseri eru fjórar lotur sem hefjast í ágúst/september á haustmisseri og um miðjan janúar á vormisseri. Milli kennslulota er gert ráð fyrir lestri og verkefnavinnu nemenda eins og fyrr segir.

## Námsframvinduregla

Til að standast hvert námskeið þurfa nemendur að ná einkunninni 5,0.

Til þess að nemendur geti útskrifast verða þeir að hafa 6,5 í meðaleinkunn allra námseininga, þ.e. námskeiða og lokaritgerðar.

# Námskeiðslýsingar og kennsluáætlun

## Kennsluáætlun veturinn 2008-2009

### **Haust 2008**

Lota 1 3. september – nýnemadagur, 4.-6. september kennsla

Lota 2 2.-4. október

Lota 3 23.-25. október

Lota 4 20.-22. nóvember

### **Vor 2009**

Lota 1 15.-17. janúar

Lota 2 19.-21. febrúar

Lota 3 19.-21. mars

Lota 4 16.-18. apríl

## Námskeiðslýsingar

### Rannsóknaraðferðir (10 ETCS)

Námskeiðið miðar að því að þjálfa nemendur í fræðilegum vinnubrögðum og megindlegum rannsóknaraðferðum. Fjallað verður um helstu rannsóknarviðmið og rannsóknaraðferðir. Sérstaklega verður gerð grein fyrir skipulagningu rannsókna, rannsóknarspurningum og tilgátum, tilvísunum og heimildaskráningu, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Jafnframt verður lögð áhersla á siðferðileg álitamál í viðskiptum og rannsóknum. Einnig verður fjallað um upplýsingarýni og rafræna heimildaleit. Áhersla er lögð á tölfraði þar sem nemendur munu læra að reikna og túlka niðurstöður og nýta sér tölfraðiforrit í úrvinnslu og greiningu gagna. Nemendur hefja MS-ritgerð samhliða námskeiðinu og eiga að leggja fram rannsóknarspurningar og tilgátur í tengslum við ritgerðina.

### Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa öðlast skilning á helstu rannsóknarviðmiðum og aðferðum á sviði viðskipta og raunvísinda.
- Sýna fram á færni í megindlegum rannsóknum og hafi öðlast skilning á kostum og takmörkunum megindlegra rannsókna.
- Sýna fram á færni í að geta valið viðeigandi rannsóknaraðferð í samræmi við markmið rannsóknar.
- Sýna fram á færni í að gera rannsóknarspurningar og tilgátur.
- Sýna fram á leikni í að nota viðeigandi tilvísanakerfi og geti fært heimildaskrá með viðeigandi hætti.
- Þekkja til helstu siðferðilegra álitamála í rannsóknarstarfi.
- Leita að heimildum í ólíkum rafrænum gagnagrunnum.
- Sýna leikni í að kynna niðurstöður rannsókna sinna í rituðu máli og í málstofu.
- Sýna fram á þekkingu og skilning á tölfraði, einkánlega líkindareikningi.

### Fyrirlestrarfjöldi

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### Námsmat:

Verkefni og próf

## **Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir (10 ECTS)**

Fjallað verður um: (i) Mikilvægi alþjóðaviðskipta, hnattvæðingu og umhverfi alþjóðaviðskipta og menningu. Inngöngu og útvíkkun á markaði. Fræðilegan grundvöll alþjóðaviðskipta og fjárfestinga, og greiðslujöfnuð. (ii) Evrópusamrunann og áhrif hans á fyrirtæki innan og utan Evrópusambandsins. Evrópusambandið (ESB). Stöðu smáríkja utan ESB. Starfsemi EFTA og stöðu EES. Stefnumótun fyrirtækja vegna samrunans. (iii) Hlutverk alþjóðastofnana. Þjónustu alþjóðastofnana við fyrirtæki sem hyggja á viðskipti erlendis (með áherslu á viðskiptaumhverfi “business climate”), svo sem Bretton Woods stofnanirnar (IMF, WB), Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Svæðabanka (e. regional banks svo sem ERBD, NIB, AsDB). (iv) Sóknarfæri fyrirtækja á nýmörkuðum (e. emerging markets; einkum Eystrasaltsríkin, mið- og austur Evrópu, og Asíu). Efnahags- og stjórnmála umhverfi. Lög, reglugerðir og “law enforcement.” Stjórnsýslu og stjórnarfar. Rekstrarumhverfi fyrirtækja. Ríkisfyrirtæki (State Owned Enterprises, SOE) og einkavæðingu. Þjónustu og samstarf alþjóðastofnana og svæðabanka við fyrirtæki á nýmörkuðum.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa skilning á mikilvægi alþjóðaviðskipta og trausta þekkingu á fræðilegum grundvelli alþjóðaviðskipta.
- Hafa þekkingu á þróun Evrópusamrunans og geta greint og metið áhrif hans á starfssemi fyrirtækja innan og utan ESB.
- Hafa þekkingu á starfssemi alþjóðlegar viðskiptastofnana og kunna að nota þjónustu þeirra til að afla upplýsinga til að greina og meta viðskiptaumhverfi (e. investment climate) einstakra landa og svæða (e. regions)
- Hafa þekkingu á einkennum nýmörkaða og hæfni til að greina og meta sóknarfæri fyrirtækja á nýmörkuðum.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni og próf

## **Alþjóðafjármál og bankastofnanir (10 ECTS)**

Fjallað verður um: (i) Alþjóðlega bankastarfssemi (e. global banking). Starfsemi viðskipta- og fjárfestingabanka. Samkeppnishæfni banka á alþjóðamörkuðum. Útrás íslenskra banka. Starfsemi þeirra, stöðu og samstarf við íslensk fyrirtæki á alþjóðavettvangi. (ii) Hlutverk og þjónustu alþjóðastofnana við fyrirtæki sem hyggja á fjárfestingu erlendis með áherslu á fjárfestingatæki (e. financial instruments), áhættudreifingu (e. risk management) og upplýsingar um fjárfestingaumhverfi (e. investment climate). Lögð verður áhersla á stofnanir Evrópusambandsins (svo sem Fjárfestingabanka Evrópu, EIB), Bretton Woods stofnanirnar (IMF, WB), Svæðabanka (e. regional banks svo sem EBRD, NIB, AsDB). (iii) Mikilvægi peningamálastjórnunar og hlutverk seðlabanka. Seðlabanka Íslands og peningamálastefnu Íslands. Seðlabanka Evrópu og “the European Monetary System.” Seðlabanka Bandaríkjanna og “the Federal Reserve System.”

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa yfirlit mikla þekkingu á starfsemi viðskipta- og fjárfestingabanka innanlands og erlendis.
- Hafa víðtæka þekkingu á starfsemi alþjóðlegra fjármálastofnana og þeirra fjármálataekja (e. financial instruments) sem þær hafa yfir að ráða og kunna að nota þjónustu þeirra til að afla upplýsinga til að greina og meta fjárfestingaumhverfi (e. investment climate) einstakra landa og svæða.
- Hafa þekkingu á starfsemi seðlabanka. Skilning á mikilvægi peningamálastefnu og hæfni til að greina og meta áhrif hennar á hagkerfið.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni og próf

## **Þjóð- og rekstrarhagfræði (10 ECTS)**

Námskeiðið miðar að því að veita nemendum yfirsýn yfir helstu kenningar í þjóð- og rekstrarhagfræði sem stuðst er við í dag. Í rekstrarhagfræði verður lögð áhersla á almenna jafnvægisgreiningu, líkön sem fjalla um ákvarðanatöku við óviss skilyrði og leikjafræði. Í þjóðhagfræðinni verður lögð áhersla á peningahagfræði, fjármálamarkaði og peningastjórnun seðlabanka. Fjallað verður um líkön með framsýnum væntingum og þau vandamál sem þau sýna varðandi mögulega verðbólguhneigð og samræmi í ákvörðunum seðlabanka yfir í tíma. Fjallað verður um miðlunarleiðir peningastjórnunar. Leitast verður við að gefa nemendum innsýn í mismunandi fyrirkomulag fjármálamarkaða og peningastjórnunar á helstu efnahagssvæðum heimsins. Í námskeiðinu munu nemendur fá innsýn í gerð hagfræðilegra líkana og stærðfræðilegra útleiðsla á þeim. Einnig verður fjallað um tölfræðilegar aðferðir (hagmælingar) til að meta stuðla í atferlisjöfnum hagfræðinnar.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Kunnna góð skil á rekstrarhagfræðilegum hugtökum og geti beitt þeim aðferðum til aðstoðar við ákvarðanatöku
- Hafa góða innsýn í þau þjóðhagfræðilegu líkön sem notuð eru í dag og geti nýtt sér niðurstöður þeirra til ákvarðanatöku og rannsókna
- Skilja og geta fjallað um þjóðhagslegar stærðir og samhengi þjóðhagsstærða og efnahagsstjórnunar
- Hafa færni í notkun stærðfræði og hagmælinga við greiningu á gögnum.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni og próf

## **Fjármál fyrirtækja og bankastofnana (10 ECTS)**

Í þessu námskeiði verður farið ítarlega yfir aðferðafræði fjármálafræðanna hvað varðar fjármál fyrirtækja og bankastofnana. Rifjuð verða upp grunnatriði fjármálafræðanna og síðan farið dýpra í einstaka þætti fjármálafræðanna þar með talið verðlagningu hlutabréfa, skuldabréfa og annarra verðbréfa. Sérstaklega verður farið yfir verðlagningu verðbréfa að teknu tilliti til áhættu með áherslu á notkun afleiðna til áhættustýringar. Þá verður farið yfir helstu tegundir fjármálastofnana og sérstöðu í fjármálum þeirra. Einnig verður kynnt sérstaklega áhættustýring í rekstri fjármálastofnana. Lögð verður áhersla á að kynna rekstrarumhverfi viðskipta- og fjárfestingabanka á mismunandi markaðssvæðum.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa djúpan skilning á helstu kenningum um fjármál fyrirtækja
- Hafa þekkingu á helstu þáttum í fjármálum bankastofnana og rekstrarumhverfi þeirra.
- Hafa yfirsýn yfir helstu tegundir fjármálastofnana og þau markaðssvæði er þau starfa á.
- Hafa færni í að beita aðferðum fjármálafræðanna við greiningu á fjármálum fyrirtækja og bankastofnana.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni og próf

## **Alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun (10 ETCS)**

Markmiðið miðar að því að auka þekkingu þátttakenda á alþjóðlegri mannauðsstjórnun, þekkingarstjórnun og þekkingarverðmætum og hvernig þessir þættir fléttast saman. Fjallað verður ítarlega um ráðningar starfsfólks, þjálfun, frammistöðustjórnun, launakerfi o.fl. í alþjóðlegum fyrirtækjum og stofnunum. Ennfremur verður fjallað um kenningar og líkön yfir þekkingarverðmæti fyrirtækja. Þá verður farið í stefnur og leiðir til að skapa og miðla hagnýtri þekkingu innan fyrirtækja og stofnana. Lögð er áhersla á að koma á framfæri atvöldum er varða nýtingu mannauðs og þekkingar í alþjóðlegu rekstrarumhverfi til að auka þekkingarverðmæti og rekstrarárangur.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum í alþjóðlegri mannauðsstjórnun og geta metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir eiga við í starfi alþjóðlegra fyrirtækja/stofnana.
- Hafa öðlast skilning á ólíkum kenningum og matstækjum til að meta þekkingarverðmæti fyrirtækja og geti stýrt verkefnum er snúa að gerð þekkingarskýrslna.
- Hafa öðlast skilning á kenningum og umræðu um þekkingarstjórnun.
- Hafa öðlast skilning á því hvernig mannauðs- og þekkingarstjórnun tvinnast saman í starfi alþjóðlegra fyrirtækja.
- Geta rökstutt faglega mat á ólíkum þáttum og leiðum þekkingarstjórnunar.
- Geta sýnt fram á leikni við að samtvinna ólíka þætti fyrirtækjarekstrar (tækni, hvatningarkerfi, menningu o.fl.) til að efla miðlun og nýtingu þekkingar.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni:

## **Alþjóðleg stefnumótun (10 ECTS)**

Námskeiðið fjallar um stefnumótun og samstarf fyrirtækja sem starfa á alþjóðlega vísu og fyrirtækjum sem ná yfir meira en einn atvinnuveg. Námskeiðinu verður skipt upp í fjóra megin efnisþætti: Stefnumótun fjölþjóðlegra fyrirtækja; samruni og yfirtökur fyrirtækja; samstarf fyrirtækja og umbreyting fyrirtækja. Farið verður yfir fræðilega umfangullun um helstu þætti er lúta að því að móta stefnu fyrir fyrirtæki sem starfa á mörgum stöðum í heiminum og/eða eru í fjölþættum rekstri sem nær yfir meira en eina atvinnugrein eða fleiri en eitt land. Fjallað verður um helstu kenningar varðandi samruna- og yfirtökuferlisins (M&A) og drepíð á helstu lykilþáttum að árangursríkum samrunum og yfirtökum. Farið verður yfir helstu kenningar varðandi samstarf fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Loks verður fjallað um ferli við umbreytingu fyrirtækja. Nemendur fá innsýn í hvernig staðið hefur verið að umbreytingum á fyrirtækjum, og fræðilega umfangullun um breytingu fyrirtækja. Áhersla verður lögð á að nemendur verði færir um að greina þörf á umbreytingu og koma með tillögur um hvernig best er staðið að henni.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa þekkingu á lykilatriðum stefnumótunar í alþjóðalegum fyrirtækjum
- Sýna fram á færni í stefnumótunarferli í alþjóðlegum fyrirtækjum
- Vera fær í að taka þátt í innleiðingarvinnu á stefnumótun alþjóðafyrirtækja
- Greina mismundi stefnumótandi valkosti sem fyrirtæki standa frami fyrir og fær um að vinna tillögu hvernig eigi að standa að því að ná fram þeim kostum.
- Hafa þekkingu og innsýn í fræðilega umræðu um stefnu fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum
- Hafa þekkingu á samstarfi fyrirtækja
- Hafa öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum við umbreytingu fyrirtækja

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat**

Verkefni

## **Forysta og árangur (10 ECTS)**

Í námskeiðinu er farið í nokkra lykilþætti stjórnunar, forystu og árangursmælinga. Fjallað verður um stjórnun og forystu í sögulegu ljósi. Hvað einkennir leiðtoga og hvernig móta aðstæður forsendur stjórnenda. Hvaða áhrif hefur ólík menning á stjórnun í fyrirtækjum? Farið verður í kenningar um náðarleiðtoga og umbreytingastjórnendur. Einnig um starfshvata og liðsstarf í fyrirtækjum. Fjallað verður um ákvarðanir leiðtoga. Félagsleg ábyrgð og siðferðileg álitamál í stjórnun. Fjallað verður um árangursmælingar í fyrirtækjum, svo sem evrópska gæðalíkanið (EFQM), samhæft árangursmat (balanced scorecard), hagnýt viðmið (benchmarking) og notkun stjórnendaeftirlitskerfis (management control systems).

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu á nemandinn að:

- Hafa öðlast skilning á helstu kenningum um leiðtogafræði og forystu.
- Hafa öðlast skilning á kenningum um náðarleiðtoga og metið slíkar kenningar með gagnrýnum hætti.
- Hafa þekkingu á siðferðilegum álitamálum í stjórnun.
- Sýna fram á þekkingu og leikni í ákvarðatöku við mismunandi aðstæður.
- Sýna fram á þekkingu og leikni í notkun algengra árangursmælinga í fyrirtækjum.

### **Fyrirlestrarfjöldi**

Fjöldi fyrirlestra í námskeiði: 48

### **Námsmat:**

Verkefni.

## **Meistaraverkefni**

Markmið meistaraverkefnis er að veita þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum þar sem fræðigreinar námsins eru tengdar saman. Verkefnið verður að standast strangar kröfur á öllum sviðum. Mikil áhersla er lögð á frumkvæði, aðferðafræðileg vinnubrögð og sjálfstæði meistaránema. Meistaraverkefnið er einstaklingsverkefni. Rannsóknarefni velur meistaráneminn í samráði við leiðbeinanda sinn. Meistaraverkefni getur fjallað um sjálfstæða rannsókn, eða verið unnin í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Meistaraverkefni verður að falla að sérsviði meistaránema (fjármál og bankastarfsemi eða stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi). Munnleg vörn fer fram eftir að verkefni hefur verið skilað.

## **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- Hafa sýnt fram á traust vald á máli, framsetningu og vísindalegum vinnubrögðum,
- hafa látið koma fram sjálfstæð efnistöð og frumleika,
- sýna djúpa þekkingu á viðkomandi fræðasviði,
- hafa útfært verkefnið með hliðsjón rekstraraðstæðum fyrirtækja og stofnana

### Sundurliðun námsmarkmiða í Alþjóðafjármálum og bankastarfsemi

Námsmarkmið	Rannsókn aðferðir	Alþviðskipti	Þjóð- og rekstrarf.	Alþ. stefnumótun	Alþjóða fjármál	Fjármál fyrirtækja	Alþjóðleg mannaauðs	Forysta og árangur	Lokaverkefni
Sýna fram á kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan stjórnunar og fjármála.		X	X	X	X	X	X	X	X
Geta beitt almennri þekkingu á rekstri og stjórnun við rekstraraðstæður í fyrirtækjum eða stofnunum	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sýna fram á hæfni í þverfaglegri greiningu, þar sem stuðst er við gögn af ólíkum toga, mismunandi greiningaraðferðir og undirgreinar stjórnunarfræða og fjármála. Ennfremur að hann geti tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.	X	X		X	X	X	X	X	X
Sýni fram á aðferðafræðilega getu til að rannsaka fyrirtæki og umhverfi þeirra, hvort heldur er verið að fjalla um stefnumótun, stjórnun, alþjóðaviðskipti eða fjármálastofnanir.	X		X						X
Hafi öðlast færni til að eiga frumkvæði að rekstrar- og stjórnunarverkefnum stýrt þeim verkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa. Sýna leikni í tjáskiptum bæði í rituðu og mæltu máli, og í að finna upplýsingar með því að nýta mismunandi leiðir, svo sem netið, gagnagrunna og bókasöfn. Sýna fram á skilning á viðskipta- og vísindasiðfræði. Geti nýtt sér hugbúnað sem gagnast best í stjórnun og	X		X			X			X

fjármálum.									
Hafa þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á doktorsstigi.	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hafa ítarlega þekkingu á alþjóðafjármálum og starfssemi alþjóðlegar fjármálastofnana, auk starfssemi seðlabanka.		X	X		X				
Hafa trausta þekkingu á fræðilegum grundvelli alþjóðaviðskipta. Hafa ítarlegan þekkingu á og geti metið viðskiptatækifæri í alþjóðaviðskiptum, sérstaklega á nýmörkuðum í Evrópu og Asíu. Hafi öðlast skilning á starfssemi alþjóðlegar viðskiptastofnana.		X	X		X				
Hafi öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum fjármálafræðanna við fjármálalega stjórnun fyrirtækja og banka annars vegar og hins vegar til greiningar á fjárfestingartækifærum.			X			X			

### Sundurliðun námsmarkmiða í Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi

Námsmarkmið	Rannsókn aðferðir	Alþviðskipti	Þjóð- og rekstrarf.	Alþ. stefnumótun	Alþjóða fjármál	Fjármál fyrirtækja	Alþjóðleg mannaauðs	Forysta og árangur	Lokaverkefni
Sýna fram á kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan stjórnunar og fjármála.		X	X	X	X	X	X	X	X
Geta beitt almennri þekkingu á rekstri og stjórnun við rekstraraðstæður í fyrirtækjum eða stofnunum	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sýna fram á hæfni í þverfaglegri greiningu, þar sem stuðst er við gögn af ólíkum toga, mismunandi greiningaraðferðir og undirgreinar stjórnunarfræða og fjármála. Ennfremur að hann geti tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.	X	X		X	X	X	X	X	X
Sýni fram á aðferðafræðilega getu til að rannsaka fyrirtæki og umhverfi þeirra, hvort heldur er verið að fjalla um stefnumótun, stjórnun, alþjóðaviðskipti eða fjármálastofnanir.	X		X						X
Hafi öðlast færni til að eiga frumkvæði að rekstrar- og stjórnunarverkefnum stýrt þeim verkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa. Sýna leikni í tjáskiptum bæði í rituðu og mæltu máli, og í að finna upplýsingar með því að nýta mismunandi leiðir, svo sem netið, gagnagrunna og bókasöfn. Sýna fram á skilning á viðskipta- og vísindasiðfræði. Geti nýtt sér hugbúnað sem gagnast best í stjórnun og	X								X

fjármálum.									
Hafa þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á doktorsstigi.	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sýni fram á skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan stjórnunarfræða um forystu og árangursmælingar.				X			X	X	
Hafi öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum í alþjóðlegri mannauðs- og þekkingarstjórnun.							X		
Hafi öðlast skilning á helstu kenningum og aðferðum í stefnumótun fyrirtækja og geti tekið virkað þátt í stefnumótunarferli.				X					